

## Þriggja ára matsáætlun Grunnskóla Seltjarnarness

Tilgangur sjálfsmats er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í hverjum skóla, greina þarfir skólans fyrir breytingar og umbætur með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Sjálfsmati er ætlað að skilgreina styrkleika og veikleika, draga fram það góða og benda á það sem betur má fara. (Úr drögum að vinnureglum fyrir skólamatshóp)

### Fyrsta ár:

| Tími: 1. ár  | Áætlun um framkvæmd   | Framkvæmdaraðilar og þátttakendur                               |
|--------------|---|---|
| Okt. – jan.  | <b>Undirbúningsvinna matshóps og skólasamfélagsins.</b> Leitað eftir hugmyndum skólasamfélagsins um þá þætti sem mikilvægt er að leggja mat á og forgangsröð þeirra. Foreldraráð, kennararáð og nemendaráð.   | Skólasamfélagið undir stjórn matshóps.                          |
| Okt.         | Áætlun um sjálfsmat til þriggja ára lögð fram og kynnt.   | Matshópur og skólasamfélagið                                    |
| Feb. - Mars. | <b>Gagnaöflun/vefkananir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i>   | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                    |
| Mars. – apr. | Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir   | Matshópur   |
| apr – maí    | <b>Gagnaöflun/vefkananir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>Almennt um skólann</i> .<br>Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.  | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                    |
| Apríl – júní | <b>Starfsmannasamtöl</b> tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi.<br>Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum<br><b>Sjálfsmatsskýrsla</b> vetrarins unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu. | Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur. |

## Annað ár:

| Tími: 2. ár   | Áætlun um framkvæmd  | Framkvæmdaraðilar og þátttakendur                                 |
|---------------|--|---|
| Júní - ágúst  | <b>Sjálfsmatsskýrsla</b> fyrsta árs kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði, nemendaráði og fræðsluyfirvöldum. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.  | Matshópur, starfsmenn, nemendaráð, foreldraráð og fræðsluyfirvöld |
| Ágúst – sept. | Kynnt fyrir starfsfólki það sem fram kom í starfsmannasamtölum vorsins. Farið yfir á fundum í upphafi skólaárs til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir sem fjallað verður um í tengslum við gerð skólaþróunaráætlunar.<br>Matshópur dregur saman umbótahugmyndir sem komu fram í mati síðasta árs. Umbótamiðuð <b>skólaþróunaráætlun</b> sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu. | Matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið                          |
| Október.      | <b>Gildandi endurmenntunaráætlun</b> yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks.<br><b>Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i>   | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                      |
| Nóv. - des    | Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir  | Matshópur   |
| Janúar – mars | <b>Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>um Nám og kennslu</i> . Starfsmenn svara auk þess spurningum um <i>Starfið í skólanum</i> .<br>Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.   | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                      |
| Apríl – júní  | <b>Starfsmannasamtöl</b> tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi.<br>Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum<br><b>Sjálfsmatsskýrsla vetrarins</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.                      | Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.   |

## Þriðja ár

| Tími: 3. ár   | Áætlun um framkvæmd   | Framkvæmdaraðilar og þátttakendur                                 |
|---------------|---|---|
| Júní - ágúst  | <b>Sjálfsmatsskýrsla</b> annars árs kynnt starfsmönnum skólans, foreldraráði, nemendaráði og fræðsluyfirvöldum. Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.   | Matshópur, starfsmenn, nemendaráð, foreldraráð og fræðsluyfirvöld |
| Ágúst – sept. | Kynnt fyrir starfsfólki það sem fram kom í starfsmannasamtölum vorsins. Farið yfir á fundum í upphafi skólaárs til hvaða aðgerða verður gripið strax varðandi atriði sem þar komu fram og hvaða atriði bætast við umbótahugmyndir sem fjallað verður um í tengslum við gerð skólaþróunaráætlunar.<br>Matshópur dregur saman <b>umbótahugmyndir</b> sem komu fram í mati síðasta árs. Umbótamiðuð <b>skólaþróunaráætlun</b> sett fram fyrir yfirstandandi skólaár og kynnt fyrir skólasamfélaginu. | Matshópur, starfsfólk og skólasamfélagið                          |
| Október.      | <b>Gildandi endurmenntunaráætlun</b> yfirfarin á grundvelli skólaþróunaráætlunar og þarfagreiningar meðal starfsfólks.<br><b>Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum um <i>Líðan og Samskipti</i>  | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                      |
| Nóv. - des    | Unnið úr niðurstöðum gagnaöflunar úr Skólamati og settar fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum. Gerð áætlun um aðgerðir   | Matshópur   |
| Janúar – mars | <b>Gagnaöflun/vefkannanir úr Skólamati</b> – starfsmenn, nemendur og foreldrar svara spurningaflokkum <i>Upplýsingastreymi, stjórnun og stefnumörkun, og skipulag</i><br>Matshópur vinnur úr þessum upplýsingum og setur fram sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum.   | Matshópur, starfsmenn, nemendur og foreldrar                      |
| Apríl – júní  | <b>Starfsmannasamtöl</b> tekin og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi.<br>Matshópur og skólastjórnendur vinna úr þessum upplýsingum og setja fram yfirlit um helstu sterkar og veikar hliðar starfsins og hugmyndir að umbótum<br><b>Sjálfsmatsskýrsla vetrarins</b> unnin, þar sem fram koma sterkar og veikar hliðar og hugmyndir að umbótum sem byggjast á framangreindri gagnaöflun og öðru mati sem fram hefur farið á árinu.                             | Skólastjórnendur, matshópur, starfsfólk, foreldrar og nemendur.   |